

**ENDURRIT  
ÚR  
DÓMABÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR**

**Y-14/2005:**

**E**

**gegn**

**Tollstjóranum í Reykjavík**

**Úrskurður 9. febrúar 2006**

**ÞE/san.**

Ár 2006, fimmtudaginn 9. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. Y-14/2005:

E

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík

kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR

Í málinu, sem tekið var til úrskurðar 27. janúar sl., krefst sóknaraðili, E [REDACTED], Reykjavík þess að aðför sem fram fór hjá henni þann 26. september 2005 að kröfu varnaraðila, Tollstjórans í Reykjavík, verði ógilt. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að ógildingarkröfu sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

I

Sóknaraðili og K [REDACTED] gengu í hjónaband 21. júní 1999. Krafa sóknaraðila um skilnað var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík 12. febrúar 2000. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út 5. apríl 2001 og leyfi til lögskilnaðar 8. maí 2002. Sóknaraðili heldur því fram að sambúðarslit hjónanna hafi orðið 12. nóvember 2000 og þá hafi orðið raunveruleg slit á fjárfélagi þeirra.

Hjónin töldu saman fram til skatts vegna tekna ársins 2000 og er skattframtal, dagsett 15. júní 2001, undirritað af þeim báðum.

Álagning skatta á sóknaraðila vegna tekna ársins 2000 nam kr. 325.140 og á K [REDACTED] kr. 447.056. Voru álagningar- og innheimtuseðlar sendir út í lok júlí 2001. Gjaldalagi álagningarinnar var 1. ágúst 2001.

Þann 8. júlí 2005 sendi varnaraðili sóknaraðila greiðsluáskorun vegna skattskuldar K [REDACTED], fyrrverandi eiginmanns hennar, vegna framangreindrar álagningar. Var skuldin þar tilgreind sem kr. 732.386 og skorað á sóknaraðila að greiða kröfuna innan 15 daga frá móttöku áskorunarinnar sem var birt þann 12. júlí 2005.

Sóknaraðili heldur því fram að hún hafi aldrei séð umrætt skattframtal K [REDACTED] og að hún hafi ekki vitað um tilvist kröfunnar fyrr en henni var birt greiðsluáskorunin. Sóknaraðili mótmælti kröfunni, sbr. bréf A [REDACTED] viðskiptafræðings dags. 15. júlí 2005, og krafist þess að varnaraðili félli henni og benti m.a. á að krafan væri fyrnd.

Þann 28. júlí 2005 var móttækin í Héraðsdómi Reykjavíkur aðfararbeiðni frá varnaraðila vegna skattskuldarinnar og var fjárnám heimilað með áritun 18. ágúst 2005. Aðfararbeiðnin var síðan móttækin hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 1.

september sama ár. Krafan var tekin fyrir 20. sama mánaðar en aðilar urðu sammála um að fresta málinu til 26. sama mánaðar en þá var gert fjárnám það sem krafist er ógildingar á í máli þessu í fasteign sóknaraðila til tryggingar vangreiddum opinberum gjöldum K [REDACTED] að höfuðstól kr. 369.449 en samtals að fjárhæð kr. 749.718.

## II

Sóknaraðili byggir á að krafa varnaraðila sé fyrnd sbr. 3. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Fyrningarfrestur kröfunnar sé fjörur ár og beri að miða upphaf hans við sambúðarslit sóknaraðila og K [REDACTED] og slit á fjárfélagi þeirra, þ.e. 12.11.2000.

Verði ekki á það fallist er á því byggt að miða eigi upphaf fyrningarfrests við 12.02.2001 en þá hafi skilnaðarmálið verið tekið fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík.

Í síðasta lagi beri að miða upphaf fyrningarfrestsins við útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng þann 5. apríl 2001.

Í 5. gr. fyrningarlaga sé kveðið á um að fyrningarfrestur sé frá þeim degi er krafa var gjaldkræf. Skattstjóri geti ekki lengt fyrningarfrestinn gagnvart sóknaraðila frá þeim tíma að sambúðarslit urðu og þar til skattskrá og álagning voru gefin út fyrir skattárið 2000.

Til vara krefst sóknaraðili þess að kröfu varnaraðila verði hafnað þar sem hann hafi glatað rétti sínum til að hafa umrædda kröfu uppi sökum tómlætis og hirðuleysis um að halda kröfunni við og gera sóknaraðila grein fyrir henni og gefa henni kost á að greiða þó ekki væri til annars en að losna við vaxtagreiðslur og annan kostnað.

Þá byggir sóknaraðili á því að hún geti ekki borið ábyrgð á skattkröfum sem beint sé að fyrrum eiginmanni hennar til lengri tíma en sambúðartími þeirra og fjárfélag hafi staðið. Sóknaraðili beri því ekki ábyrgð á kröfum á hendur K [REDACTED] sem hafi orðið til eftir slit á fjárfélagi þeirra og alla vega ekki lengur en 4 árum frá slitum þess. Hjón sé sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skuli ákveða þeim tekju- og eignaskatt hvoru í sínu lagi, sbr. 5. gr. laga nr. 90/2003. Í 62. gr. og 80. gr. laganna sé kveðið á um það með hvaða hætti hjón sem eru samvistum skuli telja fram. Í skattalögum sé ekki vísað til þess hvernig með skuli fara þegar hjón séu ekki samvistum. Lögjafinn virðist því hafa talið eðlilegt að beita öðrum reglum þegar svo hátti til. Fyrir liggir að sóknaraðili og K [REDACTED] voru ekki samvistum þegar greiðsluskylda hans myndaðist og beri einnig þegar af þeirri ástæðu að fallast á kröfu sóknaraðila.

## III

Varnaraðili byggir á að fyrningarfrestur teljist frá þeim tíma sem krafa sé gjaldkræf. Um sé að ræða skattkröfu sem stofnaðist vegna tekna ársins 2000 og hafi orðið til við álagningu skatta í lok júlí 2001. Útilokað sé að telja fyrningarfrest hafa byrjað að líða áður en krafan varð til og varð gjaldkræf. Krafan hafi stofnast meðan hjóna-

band sóknaraðila og K [REDACTED] var við lýði og ekki skipti máli hvenær því lauk.

Sóknaraðili og K [REDACTED] hafi talið sameiginlega fram til skatts eftir að þau slitu sambúð og fyrir liggi að þau undirrituðu sameiginlegt framtal sitt saman á sama degi.

Varnaraðili hafnar því að hann hafi gerst sekur um tómlæti við meðferð kröfunnar. Ekki liggi annað fyrir en að krafan hafi verið innheimt með venjulegum hætti, þ.m.t. með innheimtu og álagningarseðli þegar í upphafi, en greiðsluáskorun og aðrar innheimtuaðgerðir hafi hafist fyrir lok fyrningarfrests.

Hjón beri óskipta ábyrgð á skattgreiðslum sem á þau eru lagðar, en leiði það til ósanngjarnar niðurstöðu gagnvart öðru hjóna þá mæli löggin fyrir um endurkröfurett þess hjóna sem á hallar á hendur hinu, sbr. 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. nú 116. gr. laga nr. 90/2003. Slit á fjárfélagi hafi ekki áhrif á sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á sköttum.

Hafi hjón ekki verið samvistum allt árið sé þeim heimilt að telja fram sameiginlega að hluta og sér að hluta, sbr. 63. gr. laga nr. 90/2003. Þetta hafi sóknaraðili og K [REDACTED] ekki gert, heldur talið fram sem hjón með þeim áhrifum sem það hafi.

Sóknaraðili og K [REDACTED] hafi átt saman lögheimili 1. desember 2000 og verið í hjónabandi. Álagning skatta á árinu 2001 fyrir tekjur ársins 2000 hafi byggst á sameiginlegu skattframtali þeirra sem þau hafi bæði undirritað án nokkurs fyrirvara um skilnað, slit á fjárfélagi eða annað. Þannig hafi skattyfirvöldum borið að leggja skatta á þau skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú 62. gr. laga nr. 90/2003.

Hjón beri óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir sbr. 116. gr. laga nr. 90/2003 og geti innheimtumaður gengið að hvoru hjóna fyrir sig. Sambærileg ákvæði hafi verið í lögum nr. 75/1981 sem giltu í tíð umræddrar álagningar. Hafi varnaraðila því borið að láta gera umrætt fjárnám hjá sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003 beri gjaldfallnar skattskuldir dráttarvexti sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga.

#### IV

Sóknaraðili og K [REDACTED] fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng í apríl 2001. Þau töldu fram sameiginlega vegna tekna ársins 2000 og er skattframtal þeirra, dagsett 15. júní 2001, undirritað af þeim báðum. Þau bera því óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau voru lögð árið 2001 vegna tekna ársins 2000 og gat innheimtumaður gengið að hvoru þeirra um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja, sbr. 114. gr. þágildandi laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003.

Málsaðila greinir á um hvort krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila vegna ógreiddra opinberra gjalda, fyrrum eiginmanns hennar, vegna tekna ársins 2000, sem

nýtur lögtaksréttar, hafi verið fyrnd þegar varnaraðili leitaði fjárnáms hjá henni vegna kröfunnar í september 2005.

Samkvæmt 3. tölulið 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 fynast kröfur, sem lögtaksréttur fylgir, á fjórum árum. Í 1. mgr. 5. gr. laganna er að finna meginregluna um upphaf fyrningarfrests, en þar segir m.a.: "Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. ..." Upphaf frestsins er því miðaður við gjalddaga, þ.e. það tímamark þegar kröfuhafi getur fyrst krafist þess að skuldari inni sína greiðslu af hendi.

Fyrir liggur að gjalddagi álagningar þeirrar sem er grundvöllur hinnar umdeildu kröfu var 1. ágúst 2001 og markar sá dagur því upphaf fyrningarfrests hennar.

Samkvæmt 52. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 er fyrningu aðfararhæfrar kröfu slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni innan fyrningarfrests og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.

Fyrir liggur að aðfararbeiðni frá varnaraðila vegna skattskuldar þeirrar er mál þetta snýst um var móttækin í Héraðsdómi Reykjavíkur 28. júlí 2005 eða innan fjögurra ára frá álagningu. Fjárnám var heimilað með áritun 18. ágúst 2005 og var aðfararbeiðni móttækin hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 1. september sama ár. Aðfararbeiðnin var tekin fyrir hjá sýslumanni 20. sama mánaðar og urðu aðilar samþála um að fresta gerðinni til 26. sama mánaðar en þá fór fram fjárnám það sem krafist er ógildingar á. Er það mat dómsins að kröfunni hafi verið fram haldið án ástæðulauss dráttar. Var krafa varnaraðila því ófyrnd er hið umdeilda fjárnám fór fram.

Ekki er fallist á það með sóknaraðila að krafan á hendur honum hafi fallið niður fyrir tómlæti, enda var hún ófyrnd eins og áður greinir. Verður niðurstaða málsins því sú að hafna beri kröfu sóknaraðila um ógildingu gerðarinnar.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

#### Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, E [REDACTED], um að aðför sem fram fór hjá henni þann 26. september 2005 að kröfu varnaraðila, Tollstjórans í Reykjavík, verði ógilt.

Málkostnaður fellur niður.

Þorgerður Erlendsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur 9. febrúar 2006

Gjald, 600kr.

Greitt:

